

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Bæjarhrepps í Strandasýslu 1995 - 2015.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 17. desember 1996 staðfest aðalskipulag Bæjarhrepps í Strandasýslu 1995 - 2015.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki hreppsnefndar Bæjarhrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfísráðuneytinu, 17. desember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 683

17. desember 1996

AUGLÝSING

um staðfestingu á svæðisskipulagi 1995 - 2015 fyrir Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 17. desember 1996 staðfest svæðisskipulag 1995 - 2015 fyrir Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa.

Landnotkunaruppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um, samþykki sveitarstjórna ofangreindra hreppa og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfísráðuneytinu, 17. desember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 684

17. desember 1996

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyttu deiliskipulagi af norðurhluta miðbæjar Akureyrar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 17. desember 1996 staðfest breytt deiliskipulag af miðbæ Akureyrar. Um er að ræða endurskipulagningu á norðurhluta þess miðbæjarskipulags er staðfest var 13. maí 1981.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Akureyrar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfísráðuneytinu, 17. desember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.